11. febrúar 2026
Tilv.: 2601403

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Efni: Umsögn um 226. mál – tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um viðbrögð við atvikum á landamærum.

Með tölvupósti, dags. 29. janúar sl., óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um 226. mál 154. löggjafarþings, þingsályktunartillögu um skipun starfshóps um viðbrögð við atvikum á landamærum.

Tillagan gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra skipi sameiginlegan starfshóp sem hafi það hlutverk að greina lagaumgjörð, verklag og samstarf tollgæslu og lögreglu að því er varðar viðbrögð við atvikum á landamærum. Markmiðið er að kortleggja glufur í gildandi lögum, meta hvort heimildir til samstarfs, gagnaöflunar og frumrannsókna séu fullnægjandi og kanna leiðir til að efla upplýsingaflæði og samvinnu milli viðeigandi stofnana. Þá er gert ráð fyrir því að starfshópurinn leggi fram tillögur að lagabreytingum og öðrum úrbótum sem stuðla að skilvirkum og samræmdum viðbrögðum við brotum á landamærum. Jafnframt á hópurinn að meta starfsaðstæður tollgæslu, einkum á Keflavíkurflugvelli, og gera tillögur um hvernig tryggja megi skýra verkaskiptingu og virka samvinnu milli tollgæslu, Isavia og annarra þjónustuaðila. Tillagan gerir ráð fyrir því að í starfshópnum eigi sæti fulltrúar tollgæslu, lögreglu, dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis og, eftir atvikum, fulltrúar frá Seðlabanka Íslands eða Fjármálaeftirlitinu, Persónuvernd og Skattinum.

Að mati Seðlabankans beinist efni tillögunnar fyrst og fremst að verkefnum og eftirliti sem heyra undir tollgæslu og lögreglu, þar á meðal viðbrögðum við misnotkun auðkenna, auðkennisfölsun og öðrum brotum sem tengjast landamærum. Seðlabankinn, sem m.a. fer með eftirlit samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sinnir ekki landamæraeftirliti og tekur ekki þátt í framkvæmd tolleftirlits eða lögregluranns ókna á landamærum. Af þeirri ástæðu telur bankinn ekki þörf á að tilnefna fulltrúa í þann starfshóp sem tillagan kveður á um.

Bankinn telur þó rétt að árétta að starfshópurinn geti, ef þörf krefur, leitað til Seðlabankans vegna málefna sem varða tilkynningarskylda aðila sem heyra undir eftirlit bankans, svo sem fjármálafyrirtæki og aðra aðila sem lúta lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Þá er bankinn jafnframt reiðubúinn að veita upplýsingar eða skýringar á túlkun viðkomandi lagaákvæða reynist það nauðsynlegt við vinnu starfshópsins. Seðlabankinn leggur áherslu á að slík samráðsvinna geti stuðlað að samræmdri framkvæmd laga og skilvirku samstarfi milli stofnana, eftir því sem við á, án þess að raska skýrri verkaskiptingu og ábyrgðarsviðum þeirra.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
frkvstj. háttsemiseftirlits

Rannveig Júníusdóttir
frkvstj. skrifstofu bankastjóra

Fullgild rafræn undirskrift

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir

11.02.2026 14:02

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

11.02.2026 16:53